

Fundagerð aðalfundar UMF Stjórnunnar**Haldinn þann 3.maí 2023 í Hátíðarsal Stjórnunar, kl. 17:15**

Til fundarins var boðað með auglýsingu í Garðapóstinum og á heimasíðu félagsins.

Dagskrá fundarins er þannig:

1. Fundur settur.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Flutt skýrsla aðalstjórnar og kynning á stefnumótun félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar félagsins, ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
5. Umræða og spurningar um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.
6. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum
7. Kjör aðalstjórnar
8. Viðurkenningar veittar
9. Önnur mál

Gengið var til dagskrár:

1. Sigurður Guðmundsson formaður setur fundinn klukkan 17:15 stundvíslega.
2. Formaður leggur til að Lúðvík Örn Steinarsson verði fundarstjóri og leggur til að Baldvin Sturluson verði ritari sem er samþykkt.
3. Sigurður Guðmundsson flutti skýrslu aðalstjórnar fyrir starfsárið 2022.
4. Pálmi Geir Jónsson, fjármálastjóri Stjórnunnar gerði grein fyrir heildar reikningum félagsins.
5. Umræða og kosning um reikninga félagsins og skýrslu aðalstjórnar. Fundarstjóri býður til kosningu sem er samþykkt einróma.
6. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

7. Kjör aðalstjórnar fer fram og í framboði eru: Guðrún Arna Sigurðardóttir og Heiðrún Jónsdóttir buðu sig fram til aðalmanna, Erling Ásgeirsson býður sig fram sem varamaður, öll framboð eru til tveggja ára. Öll framboðin voru samþykkt einróma.
8. Kjör endurskoðanda, Eymundur Sveinn Einarsson var kjörinn endurskoðandi félagsins og til vara Sindri Freyr Gíslason. Enginn athugasemd frá fundargestum og telst því það samþykkt einróma.

9. Önnur mál

Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður ÍTG tók til máls fyrir hönd Garðabæjar. Fer yfir stöðu Stjórnunnar innan samfélagsins, sagði frá því að Garðabær og Stjarnan hefðu nýverið kvittað undir nýjan samstarfssamning þar sem styrkveiting til félagsins var aukin. Í lok ræðunnar óskaði hann þeim sem hlutu verðlaun á fundinum innilega til hamingju.

Eymundur Sveinn Einarsson endurskoðandi Stjórnunnar steig þá í pontu og leiðrétti Hrannar. Lagði ríka áherslu á að bærinn og Stjarnan myndu horfa á fjárframlög til félagsins sem þjónustukaup bæjarins af Stjörnunni frekar en styrkveitingar.

10. Fundarstjóri fól Sigurði Guðmundssyni formanni félagsins að slíta fundi.

Fundi var slitið kl. 18:00, Ritað BS

